

Alþingi  
Erindi nr. P 127/714  
komudagur 18.2.2002



Reykjavík, 13. febrúar 2002

Efnahags- og viðskiptanefnd  
b.t. Sigrúnar Brynju Einardóttur,  
Alþingi,  
150 Reykjavík.

Varðar: Bréf ykkar dags. 5. febrúar 2002 til sjóðsins.

Á fundi stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins í dag var til umræðu ofangreint bréf ykkar er varðar þskj. 518-361. mál. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997. Af þessu tilefni vill stjórnin taka fram.

1. Varðandi breytingar á 36. gr. laganna telur stjórn sjóðsins að eðlilegt sé að taka alla greinina til meðferðar og einfalda hana og taka þá afstöðu til þeirra sjónarmiða sem fram koma í umræddri tillögu. Álitamálin eru fleiri en þau sem lýst er í greinargerð með frumvarpinu. Þar má t.d. nefna umræðu sem verið hefur um hugsanlega aðild lífeyrissjóða að kaupum á óskráðum hlutabréfum álvers við Reyðarfjörð. Sú skoðun hefur komið fram að umrædd lagagrein, sem takmarkar óskráðar eignir við 10% geri það að verkum að kaup flestra lífeyrissjóða á hlutabréfum í slíku fyrirtæki séu ekki lögmat.

2. Standi vilji Alþingis til þess að gera afmarkaða breytingu er lúti eingöngu að efni þingskjalsins telur stjórnin eðlilegt að hækka almenna heimild til kaupa óskráðra bréfa úr 10% í 15%.

Virðingarfyllt,  
f.h. stjórnar Sameinaða lífeyrissjóðsins,

  
Jóhannes Siggeirsson